

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2021, mánudaginn 1. mars kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt: Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G.Borgarsdóttir, Guðmundur Birgir Ragnarsson. Jóhanna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Baldursdóttir í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir 2021-2024 staðfesting.
2. Fundargerðir félaga og nefnda.
3. Umsagnarmál – nefndasvið Alþingis.
4. Málefni Melrakkaseturs og ráðstöfun Eyrardalshússins.
5. Fasteignir á Langeyri – nýting húsa og sala fasteigna.
6. Sumarbyggð – erindi frá Félagi Sumarbúa í Súðavík.
7. Karlar í skúrnum.
8. Ljósleiðaramál í Súðavíkurhreppi.

### Afgreiðsla:

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir 2021-2024 staðfesting.  
Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2024 staðfest.
2. Fundargerðir félaga og nefnda.  
Fundargerð 10. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningar dags. 25. febrúar 2021 staðfest.  
Sveitarstjórn leggur til að gert verð nýtt kynningarmyndband um Súðavíkurhrepp líkt og fyrir árið 2020.  
Fundargerð 33. stjórnarfundar Vestfjarðastofu kynnt.
3. Umsagnarmál – nefndasvið Alþingis.  
Lögð fram til kynningar, 4 mál vegna lagafrumvarpa. Sveitarstjórn skilar ekki umsögn.

Umsagnarbeiðni vegna sjókvíaeldis Háafells í Ísafjarðardjúpi: Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggst gegn öllu kvíaeldi verði staðsett í siglingaleið inn Álftfjörðinn svo og á skilgreindu yfirráðasvæði Súðavíkurhafnar

4. Málefni Melrakkaseturs og ráðstöfun Eyrardalshússins.  
Ákveðið að leigja út rekstur Melrakkaseturs/Eyrardalshúss í samræmi við fyrirhugaða lokun Melrakkaseturs tímabundið. Sveitarstjóra falið að auglýsa rekstur fyrir árið 2021.
5. Fasteignir á Langeyri – nýting húsa og sala fasteigna.  
Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa bæði Langeyrrahúsin til sölu. Samhliða verði farið í að byggja nýtt hús undir starfsemi Súðavíkurrepps fyrir áhaldahús og aðra þá starfsemi sem fellur undir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að auglýsa húsin til sölu og jafnframt að skoða kosti til byggingar húss fyrir Súðavíkurrepp.
6. Sumarbyggð – erindi frá Félagi Sumarbúa í Súðavík.  
Fasteignir í sumarbyggðinni (gamla þorpínu) í Súðavík voru seldar með þeim takmörkunum (kvöðum) að ekki mætti búa í þeim eða dvelja yfir nótt frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Kvaðir á húsum voru kunnar fyrirfram. Súðavíkurreppur getur ekki átt aðild að því að óska eftir lengdum viðverutíma þar.
7. Karlar í skúrnum.  
Sveitarstjórn fagnar áformum um stofnun félagsskaparins Karlar í skúrnum. Lagt til að húsnæði á Langeyri verði nýtt undir þá starfsemi (gamla smíðastofan) og aðstaðan þar. Súðavíkurreppur mun leggja til húsnæði til að byrja með.
8. Ljósleiðaramál í Súðavíkurreppi.  
Sveitarstjóra verði falið að innheimta tengigjöld vegna ljósleiðaraverkefnis í Djúpi. Annars vegar verði innheimt allt að kr. 450.000.- vegna tenginga til sumarhúsa eftir því hver kostnaður var í einstaka tilvikum. Innheimta tengigjalda taki mið af raunkostnaði og búnaði. Innheimt verði vegna lögbýla kr. 100.000.- miðað við verkefnið Ísland ljóstengt.
9. Skipan í nefndir.  
Skipuð í fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd:  
Lilja Ósk Þórisdóttir.  
Salbjörg Sigurðardóttir.
10. Erindi til Súðavíkurrepps.  
Súðavíkurreppur fagnar erindinu og mun fara í að setja saman áætlun um þróun byggðarinnar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00**

**Elsa G. Borgarsdóttir**

**Ragnheiður Baldursdóttir**

**Guðmundur Birgir Ragnarsson**

**Jóhanna Kristjánsdóttir**

**Samúel Kristjánsson**  
oddviti